

Ágætu foreldrar/forráðamenn



Nú fer þessu skólaári senn að ljúka. Í vetur voru 454 nemendur í Álftanesskóla, í 1. til 10. bekk. Með tilkomu nýrrar aðalnámsskrár 2011 verða nokkrar tilfærslur á fjölda

kennslustunda einstakra kennslugreina næsta skólaár. Í aðalnámsskránni er lögð meiri áhersla á íslensku, verk- og listgreinar og erlend tungumál. Þetta þýðir að ráðstöfunarstundum skólans til að leggja sínar áherslur í námi nemenda fækkar. Þrátt fyrir þessa fækkun mun Álftanesskóli leggja sérstaka áherslu á útikennslu og hreyfingu fyrir skólaárið 2012-2013. **Megin áherslur skólans næsta skólaár verða:**

- Endurskoðun á vinnu skólans gegn einelti
- Bættur námsárangur í stærðfræði
- Útikennsla, skólaíþróttir og hreyfing

Laugaferð 9. bekkjar



Dagana 16. -18. apríl síðastliðinn fóru nemendur í 9. bekk í Ungmennabúðir að Laugum í Sælingsdal. Á mánudeginum var stoppað á Erpsstöðum þar sem er vélrænt kúabú.

Fylgst var með hvernig vél mjólkur kýrnar, klappað kálfum og önnur dýr skoðuð. Á Laugum tóku nemendur þátt í skipulagðri dagskrá s.s. ræðumennsku, Laugaleikum, þrautabraut, fjallgöngu upp á Tungustapa og ýmislegt annað gert. Á leiðinni heim fórum við á víkingaslóðir á Eiríksstöðum í Haukadál. Þau voru sjálfum sér og skólanum til sóma enda frábærir krakkar með í ferð.

Árshátíð nemenda á elsta stigi



Árshátíð nemenda í 8.-10. bekk sem haldin var fimmtudaginn 22. mars, tókst framúrskarandi vel. Skemmtidagskráin sem var um morguninn var vel unnin og tóku

nemendur virkan þátt í þeim atriðum sem þar voru í boði. Árshátíðin sjálf var einstaklega vel heppnuð. Nemendur komu í sínu fínasta þússi og framkoma þeirra var til fyrirmyndar í alla staði. Við getum öll verið stolt af þessum þrjú unglíngum. Nemendur á yngsta- og miðstigi héldu síðan sínar árshátíðir viku seinna.

Margæsardagurinn hjá 5. bekk



Alþjóðlegi fugladagurinn var miðvikudaginn 9. maí. Á þessum degi eða degi nálægt honum höfum við brotið upp kennsluna og tileinkað daginn margæsinni. En eins og flestir

vita þá á margæsin viðkomu á túnunum hér á Álftanesi á leið sinni yfir hafið frá Írland til varpstöðva í Kanada. Nemendur í 5. bekk fóru í hjólferð út á Hliðsnes. Þar skoðuðu þau m.a. margæsir og fleiri fugla sem voru í fjörunum og á sundi.

3. bekkur á faraldsfæti



Vorferð 3. bekkjar

Föstudaginn 25. júní fór 3. bekkur í vorferð í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn. Tekið var á móti hópnum í húsdýragarðinum þar sem börnin fengu leiðsögn um garðinn og

fræddust um dýrin og hagi þeirra. Að leiðsögninni lokinni var farið í vísindatjaldið og svo fengu börnin frjálsan tíma á leiksvæðinu í Fjölskyldugarðinum.

Hjólaferð. Nemendur fóru í hjólaferð í góða veðrinu miðvikudaginn 30. maí. Hjólaður var hringur um Nesið og stoppað í fjörunni góða stund þar sem börnin tíndu skeljar og kuðunga, fleyttu kerlingar og léku sér alsæl.

Reiðhjólahljálmar geta skipt sköpum



Nú þegar farið er að vora koma æ fleiri nemendur gangandi og hjólandi í skólann sem er alltaf mjög jákvætt. En engu að síður er aldrei of oft minnt á notkun hjálmans. Ef barnið dettur getur hjálmurinn skipt sköpum.

Vindasöm vorferð hjá 4. bekk í Viðey



Föstudaginn 25. maí fór 4. bekkur í vorferð út í Viðey. Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir verkefnastjóri Viðeyjar tók á móti hópnum í Viðeyjarkirkju. Hún sagði nemendum lítillega frá sögu Viðeyjar m.a. frá Skúla Magnússyni sem byggði eitt af fyrstu steinhúsum á Íslandi. Einnig sagði hún okkur frá Richard Serra og Yoko Ono sem eiga listaverk í Viðey.

Nemendur fóru að Friðarsúlunni og mynduðu keðju utan um þar sem allir lokuðu augum og óskuðu sér. Mikið fjör í frjálsum leik, grill og gleði.

Skólaslit

Þriðjudaginn 5. júní fara fram skólaslit Álftanesskóla í 1.-9. bekk í Íþróttasal Íþróttamiðstöðvar sem hér segir:

- 4., 5. og 6. bekkur kl. 9:00 – 10:00.
- 7., 8. og 8. bekkur kl. 10:00 – 11:00.
- 1., 2. og 3. bekkur kl. 11:00 – 12:00.

Skólaslit 10. bekkjar fóru fram **mánudaginn 4. júní** kl. 17:00 á sal skólans.

Skóladagatal næsta haust

Skólasetning verður fimmtudaginn 23. ágúst og kennsla hefst föstudaginn 24. ágúst.

Skóladagatal fyrir skólaárið 2012-2013 er komið á vefsíðu skólans, undir hnappnum Um skólann.

Skólastjórnendur Álftanesskóla þakka nemendum, foreldrum, starfsmönnum skólans og öðru samstarfsfólki gjöfult starf á liðnu skólaári. Með von um að nemendur og fjölskyldur þeirra eigi gleðilegt sumar.